

## Skeiða- og Gnúpverjahreppur - Staða

### *Hvað er búið að gera?*

- Leikskólinn Leikholt
  - Búið að hitta fyrir leikskólastjóran og klára skráningu á vinnslu persónuupplýsinga hjá leikskólanum.
  
- Þjósárskóli
  - Búið að hitta fyrir skólastjóran og klára skráningu á vinnslu persónuupplýsinga hjá skólanum.
  
- Skrifstofa
  - Búið að klára skráningu á vinnslu persónuupplýsinga sem snúa að þeirri þjónustu sem sveitarfélagið býður upp á t.d. umsóknir um kennitölu, unglingsvinnu o.s.frv.
  
- Skeiðalaug
  - Búið að hitta fyrir þann aðila sem sér um Skeiðalaug og klára skráningu á vinnslu persónuupplýsinga hjá sundlauginni.

### *Hvað á eftir að gera?*

- Leikskólinn Leikholt
  - Næsta skref felst í því að niðurstöður úr greiningarvinnunni eru mátaðar við viðeigandi ákvæði löggjafarinnar og nauðsynlegar breytingar gerðar sem samrýmast kröfum hennar.

- Þjósárskóli
  - Það sama á við um Þjósárskóla og leikskólann Leikholt, þ.e. niðurstöður úr greiningarvinnunni eru mátaðar við viðeigandi ákvæði löggjafarinnar og nauðsynlegar breytingar gerðar sem samrýmast kröfum hennar.
- Skrifstofa
  - Ljúka þarf greiningarvinnunni með skrifstofunni en næsta vinnustofa verður þann 18. september kl. 10:00. Að því loknu verða niðurstöður úr greiningarvinnunni mátaðar við viðeigandi ákvæði löggjafarinnar og nauðsynlegar breytingar gerðar sem samrýmast kröfum hennar.
- Skeiðalaug
  - Niðurstöður úr greiningarvinnunni mátaðar við viðeigandi ákvæði löggjafarinnar og nauðsynlegar breytingar gerðar sem samrýmast kröfum hennar.
- Bókasafnið
  - Hitta fyrir þann aðila sem sér um bókasafnið þann 18. september kl. 13:00 og skrá niður vinnslu persónuupplýsinga hjá bókasafninu. Að því loknu verða niðurstöður úr greiningarvinnunni mátaðar við viðeigandi ákvæði löggjafarinnar og nauðsynlegar breytingar gerðar sem samrýmast kröfum hennar.

*Staða Skeiða- og Gnúpverjahrepps varðandi innleiðingu á nýju persónuverndarlöggjöfinni*

- Sveitarfélagið hefur hafið vinnu við innleiðingu á nýju persónuverndarlöggjöfinni, sbr. lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Þeirri vinnu miðar vel áfram þó eftir eigi að klára greiningarvinnu með skrifstofunni og bókasafninu. Sveitarfélagið stendur því nokkuð vel að vígi þegar kemur að innleiðingu á nýju persónuverndarlöggjöfinni.